

Fjármálareikningar: Fjáreignir og skuldir 2003–2012 *Financial Accounts: Stocks 2003–2012*

Samantekt

Fjáreignir heimila og félagasamtaka jukust á milli 2011 og 2012 og námu 3.795 mö. kr. í árslok 2012, en stærstu fjáreignir heimila eru lífeyrisréttindi. Virði hluta-bréfaeignar heimila og félagasamtaka jókst um 17,4% á milli árána 2011 og 2012 og nam 148 mö. kr. í árslok 2012. Hlutfjáreign sem hluti af heildarfjáreignum þeirra var 3,9% en svo hátt hefur hlutfallið ekki verið frá árinu 2007. Fjárskuldbindingar heimila og félagasamtaka voru 1.676 ma. kr. á sama tíma. Hreinar fjáreignir heimila og félagasamtaka stóðu því í 2.119 mö. kr. í árslok 2012 sem jafngildir 124,7% af vergri landsframleiðslu.

Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja jukust um 9,4% að nafnvirði á milli ára og stóðu í 6.342 mö. kr. í árslok 2012. Á sama tíma lækkuðu fjárskuldbindingar þeirra um 1,9%. Hreinar fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja voru neikvæðar um 1.869 ma. kr. í lok árs 2012.

Hreinar fjáreignir fjármálafyrirtækja voru neikvæðar um 7.491 ma. kr. í árslok 2012 séu fjármálafyrirtæki í slitameðferð meðtalin. Hreinar fjáreignir fjármálafyrirtækja í slitameðferð voru neikvæðar um 7.743 ma. kr. á sama tíma. Hreinar fjáreignir hins opinbera og undirgeira þess voru neikvæðar um 949 ma. kr. í árslok 2012 og höfðu skuldir umfram eignir aukist um 8,5% frá fyrra ári.

Heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira námu 22.600 mö. kr. í árslok 2012 en fjárskuldbindingar voru 30.790 ma. kr. á sama tíma. Fjáreignir erlendra aðila á Íslandi námu 13.096 mö. kr. en fjárskuldbindingar við innlenda aðila voru 4.891 ma. kr. í árslok 2012. Hreinar fjáreignir erlendra aðila á Íslandi voru í árslok 2012 8.205 ma. kr. og höfðu rýrnað um 11,6% frá fyrra ári.

Inngangur

Hagstofa Íslands gefur nú út endurskoðaða fjármálareikninga fyrir Ísland. Fjármálareikningarnir eru flokkaðir eftir þátttakendum á fjármálamarkaði (efnahagsgeira) og fjármálagerningum samkvæmt alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðlum. Gögn yfir fjármálareikninga ná til stofnstærða fjáreigna og fjárskuldbindinga allra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins. Tímaraðirnar ná yfir árin 2003–2012.¹ Niðurstöður eru birtar á verðlagi hvers árs en ekki sem samstæður (*e. consolidated*). Íslenska hagkerfinu má skipta í tvo hluta, annars vegar innlenda geira og hins vegar erlenda aðila (*e. Rest of the World*) sem eiga fjáreignir eða fjárskuldbindingar á Íslandi.

¹ Nálgest má fjármálareikninga aftur til ársins 2003 á vefsvæði Hagstofunnar. Í viðauka má sjá töflur sem sýna tímaraðir fjármálareikninga frá 2008–2012.

Fjáreignir íslenska hagkerfisins

Heildarfjáreignir innlendra aðila íslenska hagkerfisins námu 22.600 mö. kr. í árslok 2012 og höfðu aukist um 763 ma. kr. frá 2011. Mest jukust verðbréf önnur en hlutabréf, um 13%. Heildarfjárskuldbindingar voru 30.790 ma. kr. á sama tíma og höfðu lækkað um 225 ma. kr. frá 2011. Þá voru hreinar fjáreignir² (e. *financial net worth*) innlendra aðila neikvæðar um 8.189 ma. kr. í árslok 2012, en af þeirri fjárhæð vegur þyngst neikvæð staða fjármálafyrirtækja í slitameðferð, um 95%.


Heimili og félagasamtök

Hlutafjáreignir hækkuðu um 17,4% á milli 2011–2012 hjá heimilum og félagasamtökum

Heildarfjáreignir heimila og félagasamtaka jukust um 311 ma. kr. á milli 2011–2012 eða um 8,9% og voru 3.795 ma. kr. í árslok 2012. Samtals námu váttryggingaeignir heimila og félagasamtaka (kröfur á tryggingafélög og lífeyrisréttindi) ríflega 2.883 mö. kr. í árslok 2012 og höfðu aukist um 320 ma. kr. frá fyrra ári. Þá nam váttryggingaeign 76% af heildarfjáreignum heimila 2012 og hefur það hlutfall vaxið jafnt og þétt frá 2007.

Mynd 1. Fjáreignir heimila og félagasamtaka

Figure 1. *Financial assets of households and NPISHs*



Sjóðir og innstæður námu um fjórðung af heildarfjáreignum heimila og félagasamtaka árin 2008 og 2009, en eftir það hefur hlutfallið lækkað. Til að mynda voru sjóðir og innstæður heimila 636 ma. kr. í árslok 2012, um 16,8% af heildarfjáreignum. Verðbréfaeign var 91 ma. kr. á sama tíma.

Af fjáreignum heimila og félagasamtaka jókst eign þeirra í hlutabréfum mest milli árána 2011 og 2012, eða um 17,4%. Aukningin er að miklu leyti vegna verðhækkunar á hlutabréfamarkaði þar sem Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands hækkaði um 16,5% á árinu 2012. Í lok árs 2012 var hlutabréfaeign geirans 148 ma. kr. sem nemur 3,9% af heildarfjáreignum hans. Svo hátt hefur hlutfallið ekki verið frá árinu 2007. Árin 2003 til 2007 var hlutfallið að meðaltali 10,7%. Hlutfall fjáreigna heimila og félagasamtaka af vergri landsframleiðslu (VLF) var 223,3% í lok árs 2012.


² Hreinar fjáreignir (e. *financial net worth*) jafngilda ekki hreinni eign, þar eð fjáreignir ná ekki til fastra fjármuna eins og fasteigna o.þ.h. Hér er einungis átt við mismuninn á milli fjáreigna og fjárskuldbindinga.

Fjárskuldbindingar heimila og félagasamtaka námu 98,6% af VLF í árslok 2012

Fjárskuldbindingar heimila og félagasamtaka skiptast í lán og aðrar viðskiptaskuldir. Fjárskuldbindingar voru 1.676 ma. kr. í árslok 2012 og höfðu aukist um 5,5% að nafnvirði frá fyrra ári. Lánaskuldir heimila og félagasamtaka voru 97% af heildarfjárskuldbindingum þeirra og stóðu í 1.630 mö. kr. í árslok 2012 sem er 5,3% aukning frá fyrra ári. Ætla má að verðhækkningar skýri aukningu lánaskulda að einhverju leyti en vísitala neysluverðs hækkaði um 4,2% á milli 2011–2012, og vísitala markaðsverð íbúðarhúsnæðis um 4,6% á sama tíma skv. tölum Hagstofunnar. Hlutfall fjárskuldbindinga heimila og félagasamtaka af VLF var 98,6% í árslok 2012 en var 121,0% í árslok 2007.

Mynd 2. Fjárskuldbindingar heimila og félagasamtaka

Figure 2. Financial liabilities of households and NPISHs



Jákvæðar hreinar fjáreignir heimila og félagasamtaka má rekja til lífeyrisréttinda heimila

Hreinar fjáreignir heimila og félagasamtaka námu 2.119 mö. kr. í árslok 2012 og jukust um 223 ma. kr. eða 11,8% frá fyrra ári og að mestu leyti vegna aukningar á lífeyrisréttindum heimila. Hreinar fjáreignir heimila að frádregnum lífeyrisréttindum eru neikvæðar. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að í fjármála-reikningum eru fastafjármunir eins og fasteignir ekki taldir með, en ef það væri gert þá hækkuðu eignir heimila. Hlutfall hreinna fjáreigna heimila og félagasamtaka af VLF í árslok 2012 nam 124,7% og hefur það hlutfall ekki verið hærra frá árinu 2003.


Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki

Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja jukust um 546 ma. kr. eða 9,4% 2011–2012

Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja námu 6.342 mö. kr. í árslok 2012 og höfðu aukist um 546 ma. kr. frá árslokum 2011 eða um 9,4%. Um 76% af heildarfjáreignum fyrirtækjanna eru útlán og hlutafjáreignir og annað eigið fé. Töldu útlán þeirra 2.316 ma. kr. og hlutafjáreignir 2.489 ma. kr. Hlutafjáreignir eru eignarhlutir í innlendum og erlendum félögum sem hækkuðu um 160 ma. kr. frá fyrra ári, eða um 6,9%. Sjóðir og innstæður fyrirtækjanna námu 573 mö. kr. Virði verðbréfaeigna var 192 ma. kr. í árslok 2012 og jókst um 107,0% frá fyrra ári sem er mesta aukning frá árinu 2006. Kröfur á tryggingafélög voru 20 ma. kr. í lok ársins 2012 og aðrar viðskiptakröfur 752 ma. kr. Hlutfall fjáreigna fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja af VLF var 373,2% í árslok 2012.

Mynd 3. Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 3. Financial assets of non-financial corporations




Hreinar fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja voru neikvæðar um 1.869 ma. kr. í árslok 2012

Fjárskuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja voru 8.211 ma. kr. í lok árs 2012 og höfðu lækkað lítillega frá fyrra ári eða um 157 ma. kr. Lánaskuldir fyrirtækja við innlenda og erlenda geira voru 3.838 ma. kr., um 46,7% af heildarfjárskuldbindingum þeirra, og lækkuðu um 214 ma. kr. frá fyrra ári. Upplýsingar um fjárskuldbindingar fyrirtækjanna vegna hlutafjár og annars eigin fjár eru reistar á upplýsingum frá Ríkisskattstjóra um eiginfjárstöðu þeirra. Hlutfé og annað eigið fé stóð í 2.462 mö. kr. Verðbréfasuldir námu 1.095 mö. kr. og aðrar viðskiptaskuldir 816 mö. kr.

Mynd 4. Fjárskuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 4. Financial liabilities of non-financial corporations



Hlutfall fjárskuldbindinga fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja af VLF var 483,2% í árslok 2012. Hreinar fjáreignir fyrirtækjanna voru neikvæðar um 1.869 ma. kr. Hlutfall hreinna fjáreigna af VLF 2012 var neikvætt um 110%. Þrátt fyrir að hlutfallið sé neikvætt hefur það batnað frá árinu 2007 þegar það var neikvætt um 255,3%.


Fjármálafyrirtæki

Fjármálafyrirtæki skiptast í fimm undirgeira; 1) Seðlabanka Íslands, 2) innlánsstofnanir, 3) önnur fjármálafyrirtæki, 4) fjármálafyrirtæki í slitameðferð og 5) váttryggingarfélag og lífeyrissjóði.

Heildarfjáreignir fjármálafyrirtækja í lok árs 2012 voru 11.193 ma. kr., sem jafngildir ríflega sexfaldri vergri landsframleiðslu, og höfðu lækkað lítillega frá fyrra ári eða um 68 ma. kr. Á sama tíma voru heildarfjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja á við tífalda verga landsframleiðslu, eða 18.684 ma. kr. og höfðu þær lækkað um 204 ma. kr. frá árslokum 2011. Hreinar fjáreignir fjármálafyrirtækja voru því neikvæðar um 7.491 ma. kr. í árslok 2012.

Mynd 5. Heildarfjáreignir fjármálafyrirtækja

Figure 5. Total financial assets of financial corporations




Skuldir fjármálafyrirtækja í slitameðferð voru um 55,6% af fjárskuldbindingum fjármálafyrirtækja árið 2012 og námu alls 10.388 ma. kr. í árslok. Fjáreignir þeirra töldu 2.645 ma. kr. á sama tíma.

Hreinar fjáreignir fjármálafyrirtækja í slitameðferð voru neikvæðar um 7.743 ma. kr. í árslok 2012 en árið 2011 voru hreinar fjáreignir neikvæðar um 7.826 ma. kr. Lækkuðu því skuldir umfram eignir lítið á milli ára eða um 1%. Dregið hefur úr umsvifum fjármálafyrirtækja í slitameðferð á undanförunum árum en hlutdeild þeirra í heildarfjáreignum og –skuldbindingum fjármálageirans er þó umtalsverð.

Mynd 6. Heildarfjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja

Figure 6. Total financial liabilities of financial corporations




Fjáreignir Seðlabankans námu 1.071 ma. kr. í árslok 2012. Fjáreignir Seðlabankans höfðu lækkað um 32,3% frá fyrra ári sem má að mestu rekja til lækkunar á sjóðum og innstæðum bankans, um 559 ma. kr., sem stóðu í 117 mö. kr. í lok árs 2012. Þessi lækkun er rakin til þess að fjármálafyrirtæki í slitameðferð tóku út af gjald-eyrisreikningum sínum eins og fram kemur í ársreikningi Seðlabanka Íslands. Lækkunin hefur áhrif á báðar hliðar efnahagsreiknings bankans. Þá minnkaði einnig gullforði og sérstök dráttarréttindi um 84 ma. kr. og stóðu í ríflega 15 mö. kr. á sama tíma. Verðbréfaeignir aðrar en hlutabréf bankans voru 729 ma. kr. í árslok 2012 og stóðu útlán bankans í 197 mö. kr.

Fjárskuldbindingar Seðlabankans námu 955 mö. kr. í árslok 2012 sem jafngildir um 35,5% lækkun frá árslokum 2011. Töldu þar hæst sjóðir og innstæður viðskiptamanna bankans, um 695 ma. kr., verðbréfaskuldir bankans voru um 105 ma. kr. og lántökur bankans 146 ma. kr. Hreinar fjáreignir Seðlabanka Íslands voru jákvæðar um 116 ma. kr. í árslok 2012 og hækkuðu um 15,4% frá fyrra ári.

Fjáreignir innlánsstofnana voru 2.973 ma. kr. í lok árs 2012. Fjáreignir bankanna höfðu aukist um 2,6% frá fyrra ári eða um 76 ma. kr. Jukust sjóðir og innstæður bankanna um 5,6%, og voru 243 ma. kr. í árslok 2012. Verðbréf voru 519 ma. kr. í árslok 2012, um 4,3% hærri en 2011. Þá voru útlán bankanna 1.930 ma. kr. á sama tíma eða 0,9% hærri en fyrra ár. Hlutfjáreignir innlánsstofnana voru 185 ma. kr. og aðrar viðskiptakröfur 96 ma. kr. í árslok 2012.

Mynd 7. Fjáreignir innlánsstofnana


Figure 7. Financial assets of other depository taking corporations



Fjárskuldbindingar innlánsstofnana stóðu nánast í stað milli árunna 2011 og 2012 og voru 2.960 ma. kr. í árslok 2012. Af fjárskuldbindingum töldust 56,8% til sjóða og innstæðna viðskiptamanna, eða 1.681 ma. kr., sem lækkuðu um 4% frá fyrra ári. Aðrar fjárskuldbindingar innlánsstofnana í árslok 2012 skiptust svo: Hlutfjárskuldbindingar töldu 509 ma. kr., tekin lán 493 ma. kr. og verðbréfaskuldir 198 ma. kr. Aðrar viðskiptaskuldir stóðu í 80 mö. kr. Hreinar fjáreignir voru jákvæðar um 13 ma. kr. í árslok 2012.

Mynd 8. Fjárskuldbindingar innlánsstofnana

Figure 8. Financial liabilities of other depository taking corporations



Önnur fjármálafyrirtæki, þ.m.t. Íbúðalánasjóður, juku umsvif sín á árinu 2012. Fjáreignir þeirra hækkuðu um 4,3% á árinu og stóðu í 1.910 mö. kr. í árslok. Útlán þeirra, 59,3% af heildarfjáreignum þeirra, töldu 1.132 ma. kr. Verðbréf önnur en hlutabréf voru um 445 ma. kr. á sama tíma eða 5,6% hærrí en árið 2011. Hlutfjáreign var 91 ma. kr., sem jafngildir 43,7% aukningu frá fyrra ári. Sjóðir og innstæður námu 162 mö. kr. og aðrar viðskiptakröfur 80 mö. kr. í árslok 2012.


Fjárskuldbindingar annarra fjármálafyrirtækja voru 1.791 ma. kr. í árslok 2012 og höfðu þær hækkað um 5,5% frá fyrra ári. Skuldbindingar bundnar í verðbréfum voru 925 ma. kr. og hlutfé og annað eigið fé 472 ma. kr. á sama tíma. Tekin lán voru 336 ma. kr. og aðrar viðskiptakröfur 58 ma. kr.

Fjáreignir váttryggingafélaga og lífeyrissjóða halda áfram að hækka

Fjáreignir váttryggingafélaga og lífeyrissjóða hækkuðu um 282 ma. kr. á milli 2011 og 2012 og voru 2.595 ma. kr. í árslok 2012. Nam hækkunin 12,2%. Verðbréf önnur en hlutabréf stóðu í 1.304 mö. kr. í árslok 2012 og töldu 50,3% af heildarfjáreignum váttryggingafélaga og lífeyrissjóða, samanborið við 52,3% árið áður. Þá stóðu útlán þeirra í 194 mö. kr. og hlutfjáreign í 883 mö. kr. á sama tíma. Sem hlutfall af heildarfjáreignum þessa geira nam hlutfjáreign hans 34,0% í lok árs 2012 og hafði hækkað um 24,4% frá árinu áður. Sjóðir og innstæður námu 180 mö. kr. í árslok 2012 og aðrar viðskiptakröfur 31 mö. kr.

Mynd 9. Fjáreignir váttryggingafélaga og lífeyrissjóða

Figure 9. Financial assets of insurance companies and pension funds



Fjárskuldbindingar váttryggingafélaga og lífeyrissjóða námu ríflega 2.590 mö. kr. í árslok 2012. Langstærsti hluti skuldbindinga eru váttryggingaskuldbindingar sem stóðu í 2.466 mö. kr. Fjárhæðin nær til krafna á tryggingafélög vegna líf- og skaðatrygginga sem og réttinda sjóðfélaga hjá lífeyrissjóðum sem er stærsti hlutinn. Hrein fjáreign lífeyrissjóða er skráð í reikningana sem núll, þar sem allar umfram eignir þeirra eru færðar sem skuld vegna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Hrein fjáreign váttryggingafélaga og lífeyrissjóða í reikningunum er því í raun fjáreignir umfram skuldir váttryggingafélaga og nam hún 4,6 mö. kr. í árslok 2012. Fjáreignir og fjárskuldbindingar váttryggingafélaga og lífeyrissjóða sem hluti af VLF voru ríflega 152%.

Hið opinbera og undirgeirar þess

Hreinar fjáreignir hins opinbera hafa lækkað öll árin frá 2007

Hið opinbera nær til 1) ríkis, 2) sveitarfélaga og 3) almannatrygginga. Fjáreignir hins opinbera námu samkvæmt fjármálareikningum 1.269 mö. kr. í árslok 2012³ og höfðu lækkað um 26 ma. kr. frá fyrra ári, eða um 2,0%. Mest lækkuðu sjóðir og innstæður hins opinbera um 57 ma. kr. og stóðu í 511 mö. kr. í lok árs 2012. Þá jukust útlán hins opinbera um 15,6 ma. kr. og stóðu í 191 ma. kr. á sama tíma.

³ Niðurstöður fjármálareikninga eru ekki birtar sem samstæður (e. consolidated).


Hlutfjáreign hins opinbera nam 365 mö. kr. í árslok 2012 og verðbréfaeignir hins opinbera voru 3 ma. kr. Þá voru aðrar viðskiptakröfur 198 ma. kr.

Fjárskuldbindingar hins opinbera voru 2.218 ma. kr. í lok árs 2012 og jukust um 2,2% frá 2011. Fjárskuldbindingar vegna verðbréfa annarra en hlutabréfa hækkuðu um 6,4% frá fyrra ári og stóðu í 840 mö. kr. í árslok 2012. Á sama tíma lækkuðu lánaskuldir hins opinbera um 2,7% og stóðu í 808 mö. kr. Þá voru váttrygginga-skuldbindingar hins opinbera 439 ma. kr. en 89% af þeirri upphæð má rekja til skuldbindinga ríkisins vegna B deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og 11% vegna skuldbindinga sveitarfélaga við eftirlaunasjóði. Aðrar viðskiptaskuldir námu 133 mö. kr. í árslok 2012. Fjárskuldbindingar hins opinbera sem hlutfall af VLF voru 130,5% í lok árs 2012 og lækkaði hlutfallið í fyrsta sinn á milli ára frá árinu 2008.

Hreinar fjáreignir hins opinbera voru neikvæðar um 949 ma. kr. í lok árs 2012 og höfðu rýrnað um 8,5% frá fyrra ári. Fyrir frekari sundurliðun á fjáreignum og fjárskuldbindingum undirgeira hins opinbera er bent á töflu 4 í viðauka.

Mynd 10. Fjárskuldbindingar hins opinbera

Figure 10. Financial liabilities of the general government




Útlönd

Hreinar fjáreignir erlendra aðila á Íslandi minnkuðu á milli árunna 2011–2012 og stóðu í 770,6% af VLF í árslok 2012

Fjáreignir erlendra aðila á Íslandi lækkuðu lítillega á milli árunna 2011 og 2012 eða um 4,4%. Fjáreignir þeirra stóðu í 13.096 mö. kr. í árslok 2012. Þar af stóðu sjóðir og innstæður í 1.163 mö. kr. og höfðu lækkað um 20,6% frá fyrra ári eða um 303 ma. kr. Verðbréfaeignir erlendra aðila hér á landi lækkuðu um 42,0% frá fyrra ári og stóðu í 1.451 ma. kr. í árslok 2012. Útlán eru langstærsta fjáreign erlendra aðila hér á landi og að mestu bundin fjárskuldbindingum fjármálafyrirtækja í slita-meðferð frá árinu 2008. Útlánin höfðu hækkað um 9,1% frá árinu 2011 og stóðu í 10.287 mö. kr. í lok árs 2012. Þá var innlend hlutfjáreign erlendra aðila hér á landi 140 ma. kr. og aðrar viðskiptakröfur 55 ma. kr. Hlutfall fjáreigna erlendra aðila hér á landi af vergri landsframleiðslu fór úr 840,8% árið 2011 í 770,6% í lok árs 2012.

Mynd 11. Fjáreignir erlendra aðila á Íslandi


Figure 11. Financial assets of the rest of the world



Fjárskuldbindingar erlendra aðila gagnvart íslenska hagkerfinu jukust um 10,8% á milli 2011 og 2012 og stóðu í 4.891 ma. kr. í lok árs 2012. Þyngst vógu skuldbindingar vegna lána, 1.819 ma. kr., og voru 45,3% hærri en í árslok 2011. Fjárskuldbindingarnar hlutafé og annað eigið fé gegn innlendum kröfuhöfum voru um 1.148 ma. kr., um 17,6% lægri en fyrra ár. Þá voru sjóðir og innstæður innlendra aðila hjá erlendum aðilum samtals 978 ma. kr. Verðbréfaskuldir aðrar en hlutafé erlendra aðila í eigu innlendra aðila námu 905 mö. kr. í árslok 2012 og viðskiptaskuldir 40 mö. kr. á sama tíma. Hlutfall fjárskuldbindinga erlendra aðila hér á landi af VLF var 287,8%. Þá voru eignir útlanda hér á landi umfram skuldir um 8.205 ma. kr. í árslok 2012 en munurinn hafði dregist saman um 1.072 ma. kr. frá fyrra ári, eða um 11,6%.

Mynd 12. Fjárskuldbindingar erlendra aðila á Íslandi

Figure 12. Financial liabilities of the rest of the world



Um fjármálareikninga

Fjármálareikningar sýna fjáreignir og fjárskuldbindingar sem stofnstærðir (*e. stocks*) við lok hvers tímabils og eru þeir flokkaðir í þátttakendur á fjármála-markaði (efnahagsgeirar) og fjármálagerninga. Reikningarnir fylgja alþjóðlegum stöðlum um gerð þjóðhagsreikninga, nánar tiltekið ESA 95 sem er útfærsla Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, á hinum alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðli SNA 1993. Stefnt er að því að innleiða nýjan þjóðhagsreikningastaðal, ESA 2010 (evrópska útgáfan af alþjóðastaðlinum SNA 2008), í september nk. Nýi staðallinn mun hafa nokkur áhrif á núverandi kerfi fjármálareikninga, en stefnt er á að birta flæðistærðir (*e. flows*) samhliða nýjum staðli. Breytingarnar eru til dæmis ítarlegri sundurliðun á efnahagsgeirum og fjármálagerningum, auk áætlana um ytri og innri breytingar stofnstærða sem ná til fjármagnsstreymis (*e. transactions*), annarra magnbreytinga (*e. other volume changes*) og endurmats (*e. revaluation*).

Í maí 2010 gerðu Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands samkomulag um gerð fjármálareikninga og hófst þá vinnsla reikninganna. Í samkomulaginu var ábyrgð stofnananna á einstökum þáttum verkefnisins skilgreind. Gagnasöfnun og vinnsla á fjármálafyrirtækjum og útlöndum eru á ábyrgð Seðlabankans, en aðrir geirar á ábyrgð Hagstofunnar. Þá er lokafrágangur og afstemming reikninganna á ábyrgð Hagstofunnar.

Bent er á lýsigögn til frekari upplýsinga um fjármálareikninga. Þar eru listaðir fjármálagerningar og efnahagsgeirar sem og samantekt um vinnslu reikninganna. Lýsigögnin má finna á vefsvæði þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á vefsíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Fyrirvari

Fjármálareikningarnir eru þróunarverkefni í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á Hagstofu Íslands. Tímaraðir hafa verið endurskoðaðar frá fyrri útgáfu vegna bættrar gagnasöfnunar og aðferðafræði. Búast má við einhverjum breytingum í september nk. Þegar nýr þjóðhagsreikningastaðall ESA 2010 verður tekinn í notkun.

Til afstemmingar á reikningunum þarf að vera hægt að bera saman tiltæk gögn við aðra geira sem birta svokölluð mótgögn (*e. counterpart data*). Umtalsverður mismunur getur verið á milli tveggja geira vegna sama gernings þar sem upplýsingar um fjárhæðir fást bæði frá lánadrottni og skuldunaut. Ýmsar prófanir eru gerðar til að skýra þann mismun sem til staðar er. Algengast er að ósamræmi sé í skilgreiningum á fjármálagerningum, tímasetningu viðskiptafærslna sem ekki er sú sama og notuð er við reikningsskil, eða að ólíkar matsaðferðir séu notaðar.

Við útgáfu núverandi reikninga var ákveðið að sundurliða gögn um lán og verðbréf önnur en hlutabréf en í fyrri útgáfum voru þessir fjármálagerningar birtir í einni samtölu vegna vandamála eins og rakin eru hér að ofan, þ.e. ósamræmi í skilgreiningum á milli geira. Sem dæmi hafa sveitarfélög ekki sundurgreint á milli þessara tveggja gerninga í ársreikningum.

Gögn um fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki hafa breyst frá fyrri birtingu. Þetta er vegna betri þekju á gögnum sem fengin eru frá RSK sem og viðbótarupplýsingum frá Seðlabankanum. Einstaka sérhæfðar einingar (*e. special purpose entities*) verða

ekki meðtaldar í þessari útgáfu vegna vandamála við greiningu á upplýsingum frá þeim, en þeim verður bætt við útgáfuna í september nk.

Virði fjármálagerninga getur verið breytilegt eftir eðli þeirra. Fjármagnshreyfingar eru færðar á markaðsvirði í efnahagsreikning, eða á gengi þess dags sem færslan verður til og á sér stað á milli geira. Þegar markaðsverð er ekki fyrir hendi þarf að beita nálgunum sem eiga að endurspeglar verð fjármálagernings í viðskiptum á markaði. Erfitt er að draga rétta mynd af íslenska hagkerfinu á árunum 2007–2009 vegna gagnavandamála í kjölfar fjármálahrunsins, en straumhvörf (e. *structural break*) má glögglega sjá í flestum tímaröðunum. Vandasamt hefur verið að meta eignir og skuldir þessa tímabils þar sem ekkert raunverulegt markaðsvirði er til staðar fyrir fjármálagerninga eins og lán og verðbréf.

Misræmi hefur verið á milli gagna frá erlendum aðilum (S.2) og fjármálafyrirtækjum (S.12) og hefur hvert einstakt tilfelli verið metið. Í gögnum frá erlendum aðilum eru erlendar fjáreignir og -skuldbindingar gerðar upp á miðgengi Seðlabankans, en í efnahagsyfirlitum fjármálastofnana er ýmist stuðst við kaup- eða sölugengi sem veldur skekkju, sérstaklega þegar um háar fjárhæðir er að ræða. Í framtíðinni er stefnt að því að gögnin verði að mestu leyti samræmd og er það nú þegar komið í vinnslu hjá Seðlabankanum.

Ósamræmi kemur fram í gögnum RSK og innlánsstofnana um útlán til fyrirtækja og heimila, sér í lagi árin 2008–2009 en þá höfðu viðskiptabankarnir keypt útlán af gömlu bönkunum og var bókfært virði þeirra lægra en fram kemur í gögnum RSK. Misræmi er einnig í gögnum frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og fjármálastofnunum en í innsendum efnahagsyfirlitum fjármálafyrirtækja í slitafarli koma allar kröfur fram sem gerðar eru í þrotabúin. Eigendur þessara krafna hafa aftur á móti lækkað hluta af kröfunum þar sem ekki er gert ráð fyrir að allt innheimtist.

Nokkru munar á niðurstöðum frumgagna fjármálareikninga og gögnum úr skattframtölum frá RSK varðandi verðbréfaeignir heimila. Heimildir sem notaðar eru við gerð reikninganna fást úr gögnum fjármálafyrirtækja. Niðurstöður fjármálareikninga sem nú birtast fylgja að mestu leyti gögnum fjármálafyrirtækja, en full ástæða er til þess að athuga betur af hverju þessi mismunur stafar.

Reynt hefur verið að samræma gögn Hagstofunnar og Seðlabankans eftir bestu getu. Þrátt fyrir það er örlítill mismunur til staðar milli birtra gagna vegna afstemmingar. Við innleiðingu ESA 2010 þjóðhagsreikningastaðalsins mun Seðlabanki Íslands aðlaga eyðublöð fyrir efnahagsyfirlit fjármálafyrirtækja og verður lögð sérstök áhersla á mótgeiraflokkun fjáreigna og -skuldbindinga. Þetta er mikilvægt skref í að bæta áreiðanleika gagna þannig að unnt sé að innleiða ESA 2010 staðalinn að fullu.

Framleiðsla og útgáfuferli

Gert er ráð fyrir að fyrstu endurbættu fjármálareikningarnir verði tilbúnir í september 2014. Árleg bráðabirgðagögn vegna hagkerfisins í heild eru gefin út með 9 mánaða tímatöf (t+9) og lokagögn með 15 mánaða tímatöf (t+15). Sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana mun fylgja í kjölfar þessarar birtingar. Fjármálareikningarnir verða aðgengilegir á íslensku og ensku á vef Hagstofunnar.

English summary

Statistics Iceland publishes now revised financial accounts data for the years 2003-2012. According to the main results, the total financial assets of all the resident sectors of the Icelandic economy (including non-financial and financial corporations, households, non-profit-institutions-serving-households (NPISHs) and general government) stood at 22,600 billion ISK at the end of 2012.

Foreign sector's holdings of Icelandic assets at the same time were 13,096 billion ISK, mostly on account of liabilities of financial corporations in winding-up proceedings towards foreigners in the aftermath of the 2008 financial crisis.

The financial net worth of the financial corporations' sector stood at 253 billion ISK (negative 7,491 billion ISK if financial corporations in winding-up proceedings are included) in 2012.

Total financial assets and liabilities of households (and NPISHs) during the same period stood at 3,795 and 1,676 billion ISK, respectively. The financial net worth of households increased from 1,896 to 2,119 billion ISK or by 11.8% between 2011 and 2012.

The total financial assets of the non-financial corporations in Iceland stood at 6,342 billion ISK and the liabilities at 8,211 billion ISK at the end of 2012. The financial assets increased by 9.4% between 2011-2012 while at the same time the liabilities decreased by 1.9%.

The financial net worth of the general government was negative by 949 billion ISK at the end of 2012, which equals an increase by 8.5% from 2011 when the financial net worth was negative by 875 billion ISK.

The financial accounts are now presented for the period 2003-2012, and follow the European System of Accounts (ESA) 1995 manual. These accounts have been developed as a result of collaboration between Statistics Iceland and the Central bank of Iceland, with each institutions specializing in a specific economic sector.

The accounts present the financial stocks' position at the end of the year for the resident and non-resident economic units of Iceland, i.e. non-financial corporations, financial corporations, general government and households (including NPISHs) and rest of the world. This is done in a '*whom-to-whom*' matrix format, providing information on both the sectors involved in an economic transaction (debtor and creditor sectors). Financial balance sheets and aggregated tax return statements are the primary data sources for assets and liabilities of various sectors. These data are then reconciled to provide a more precise picture for the holding and issuing of each asset and liability stock in the economy.

Revised and improved financial accounts are scheduled to be published in September 2014 with the adoption of new standards according to the successor of ESA 95, ESA 2010. Along with new classifications of both sectors and financial instruments, the new accounts will inhabit full system of financial accounts where flows, including transactions and other economic changes, will be published. Due to the fact that financial accounts are a work in process, changes are likely to be found within the time-series between publications. This is the result of improved methodology, better coverage of data and improved information.

Tafla 1. Allir innlendir geirar — fjáreignir og fjárskuldbindingar 2008–2012

Table 1. Total resident sectors — financial stocks 2008–2012

Verðlag hvers árs, milljónir króna Million ISK at current prices	2008	2009	2010	2011	2012
Fjáreignir <i>Financial Assets</i>	24.601.733	21.717.554	20.234.132	21.836.696	22.600.163
Gull og sérstök dráttarréttindi <i>MG and SDRs</i>	6.706	26.824	23.505	99.544	15.525
Sjóðir og innstæður <i>Currency and deposits</i>	2.749.711	2.971.744	3.228.665	3.645.122	3.197.427
